

*Sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins kynnti sér íslensk efnahagsmál á fundum með fulltrúum stjórnvalda og atvinnulífs dagana 2. - 13. júní. Í lok heimsóknarinnar lagði formaður sendinefndarinnar fram álit og niðurstöður af viðræðum hennar og athugunum hér á landi. Meðfylgjandi er lausleg íslensk þýðing á samantekt nefndarinnar úr álitu sínu.*

1. Á heildina litið hefur framvinda íslensks efnahagslífs verið mjög eftirtektarverð.

Stjórnvöld eiga hrós skilið fyrir að fylgja af festu stefnu sem hefur lagt grunninn að kröftugum hagvexti. Einn liður í þessari stefnu hefur verið að stuðla að uppbyggingu stóriðju sem nýtir hlutfallslega yfirburði Íslands á sviði hreinnar orku. Hins vegar hefur umfang þessara verkefna átt þátt í að stuðla að sveiflum í hagkerfinu. Helsta viðfangsefni hagstjórnar verður að jafna þessar sveiflur. Á þessu stigi hagsveiflunnar þarf að beita viðeigandi hagstjórn til þess að misvægi sem kemur fram í viðskiptahallanum, erlendum skuldum þjóðarbúsins, innlendri eftirspurn og verðbólgu leiði ekki til óhóflegra sveiflna þegar aðlögun á sér stað eftir að stóriðjuframkvæmdum lýkur. Auk þessa mætti bæta framkvæmd hagstjórnar til þess að efla efnahagslegan stöðugleika og styðja kröftugan hagvöxt.

2. Þrátt fyrir aukið aðhald í ríkisfjármálum er þörf á meira aðhaldi en felst í fjárlögum fyrir árið 2005 þannig að þau hjálpi til við að hafa hemil á eftirspurnarþrýstingi til að koma í veg fyrir frekara ójafnvægi og stuðla að skipulegri aðlögun. Beita ætti aðgerðum bæði í skattamálum og á útgjaldahlið í þessu skyni. Þrátt fyrir að fjármál hins opinbera standi afar traustum fótum þegar litið er til langs tíma ætti engu að síður að styrkja framkvæmd rammaáætlunar í langtímamarkmiðum ríkisfjármála.

Útgjaldaviðmið ættu að byggja á fastmótuðum reglum til að tryggja að hvortveggi náist í senn langtímamarkmið stjórnvalda um skuldastöðu hins opinbera og sveiflujöfnunaráhrif ríkisfjármála. Þetta myndi hjálpa til við að tryggja kerfisbundna samhæfingu peninga- og fjármálastefnu sem er nauðsynlegt til að ná bæði öflugum og stöðugum hagvexti.

3. Peningastefnan hefur með viðeigandi hætti brugðist við vaxandi eftirspurn og verðbólguþrýstingi. Þótt tímabundnir þættir hafi nýlega dregið úr hækkun vísitölu neysluverðs á peningastefnan enn að beinast að undirliggjandi eftirspurnarþrýstingi sem er aðalorsök þrálátrar verðbólgu. Breytingar á fasteignalánamarkaði hafa valdið því að erfiðara er um þessar mundir en ella að halda aftur af verðbólgu. Af þeim sökum þarf Seðlabankinn að vera reiðubúinn að mæta breytilegum efnahagsaðstæðum en hafa í huga þá áhættu sem felst í því að þurfi bankinn að reiða sig of mikið á miðlun peningastefnunnar í gegnum gengi krónunnar kunni það að auka ójafnvægi og gera endanlega leiðréttingu skarpari. Fyrirfram ákveðnir og reglulegir peningastefnufundir sem lyki með útgáfu ákvörðunar um vexti myndu styrkja verðból gumarkmiðið með því að festa væntingar betur í sessi. Birting frávíksspár um verðbólgu sem sýnir hvaða vaxtabreytinga er þörf til þess að ná verðból gumarkmiðinu myndi stuðla að hinu sama.
4. Brynt er að fylgjast náið með þeirri áhættu sem kann að steðja að fjármálastöðugleika af völdum útlánaþenslu og að grípa tímanlega til varúðarráðstafana ef þörf krefur. Álagspróf Fjármálaeftirlitsins staðfesta að efnahagsreikningar fjármálastofnana eru traustir. Mikilvægt er að Fjármálaeftirlitið haldi áfram undirbúningi strangari og

- víðtækari álagsprófa til þess að greina skjótt hugsanlega veikleika. Innkoma viðskiptabankanna á húsnæðismarkaðinn er jákvæð með tilliti til fjármálastöðugleika til langs tíma en nauðsynlegt er að gera skjótar umbætur á Íbúðalánasjóði til þess að tryggja að bankarnir geti haldið áfram að starfa á þessum markaði. Við umbæturnar ætti að hafa að leiðarljósi að varðveita alla kosti núverandi kerfis en um leið að stuðla að þróun þess með þeim hætti að stöðugleiki fjármálakerfisins eflist.
5. Íslensk stjórnvöld hafa jafnan brugðist hratt og örugglega við breyttum aðstæðum í efnahagslífi. Þótt ríkjandi aðstæður feli í sér vissa erfiðleika þá hefur áður þurft að glíma við enn erfiðari skilyrði. Til skamms tíma verður mikilvægt að beita auknu aðhaldi í ríkisfjármálum og að breyta Íbúðalánasjóði sem fyrst til að draga úr vaxandi misvægi og áhættu þegar frá líður. Viðfangsefni til lengri tíma lúta að því að bæta áfram umgjörð efnahagsstefnunnar og stuðla þannig að því að öflugur og stöðugur hagvöxtur verði tryggður.